

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

=====

Alþingi  
Erindi nr. p 120, 1250  
komudagur 26/3 1996

**EFNI: UMSÖGN STJÓRNAR MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS  
UM FRUMVARP TIL UPPLÝSINGALAGA.**


Hinn 20. mars sl. barst Mannréttindaskrifstofu Íslands til umsagnar frumvarp til upplýsingalaga. Var í meðfylgjandi bréfi frá Allsherjamefnd Alþingis, dags. 19. mars, óskað eftir því að umsögn skrifstofunnar bærist eigi síðar en 25. mars.

Hér er um að ræða frumvarp, sem lengi hefur verið á döfinni og miklu skiptir að sé vel úr garði gert. Af fljótlegri yfirferð verður ekki annað séð en að frumvarpið sé vel samið svo og greinargerðin, sem því fylgir og telur Mannréttindaskrifstofa Íslands ástæðu til að ljúka lofsorði á þá vinnu. Á hinn bóginn eru ýmis atriði í frumvarpinu sem þarfnast nánari athugunar og samanburðar við alþjóðlega mannréttindalöggjöf en unnt er að vinna á fáeinum dögum, auk þess sem frumvarp þetta er þess eðlis að æskilegt væri að stjórn Mannréttindaskrifstofunnar gæti tekið það til rækilegrar umræðu með hliðsjón af störfum aðildarfélaganna skrifstofunnar, hvers um sig.

Mannréttindaskrifstofa Íslands áskilur sér því rétt til að koma með athugasemdum á framfæri síðar telji hún þess þörf þegar stjórn skrifstofunnar hefur komið saman í þessu skyni.

Af hálfu stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands er því fagnað, að henni skuli send til umsagnar lagafrumvörp sem varðað geta mannréttindi, en þess jafnframt farið vinsamlegast á leit að reynt verði að gefa rýmri tíma til umsagnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Garðabæ 25. mars 1996



Margrét Heineksdóttir, stjórnarform.